

387. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JB
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Tinna Ýr Gunnarsdóttir í fjarveru MG
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:


- 1) **Fundargerð ungmennaráðs, dags. 26. desember 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 148. fundar hafnarstjórnar, dags. 19. desember 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 193. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 16. desember 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Fundargerð 227. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 1. október 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerðir 958. og 959. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. og 29. nóv. 2024**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerð sameiginlegs fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 6. desember 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Bréf frá HMS, dags. 3. janúar 2025, varðandi úttekt á Slökkviliði Snæfellsbæjar 2024.**
Bæjarstjórn ræddi skýrsluna, sumt er búið að laga og annað er í vinnslu. Samþykkti bæjarstjórn samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara ásamt slökkviliðsstjóra að gefa bæjarstjórn skrifleg svör um hvernig þessi mál standa.
- 8) **Uppkast að samningi milli Snæfellsbæjar og Lionsklubbanna í Ólafsvík, vegna fjöllumdæmisþings Lions sem fram fer dagana 25. og 26. apríl 2025.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagðan samning.
- 9) **Minnisblað bæjarstjóra, dags. 6. janúar 2025, varðandi jarðskjálfta á Vesturlandi.**
Bæjarstjóri fór yfir málið. Einhverjar jarðhræringar hafa verið í Ljósufjallakerfinu undanfarið og hefur verið boðaður upplýsingafundur hjá almannavarnanefnd Vesturlands fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Upplýsingum verður miðlað til íbúa eftir þann fund.
- 10) **Drög að samþykkt um hundahald, kattahald og annað gæludýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi.**
Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlögð drög.


Handwritten signatures and initials in blue ink, including "PS", "E3", "BHT", "TYG", and "MSS".

11) Minnispunktar bæjarstjóra.

- a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit ársins 2024.
- b) Bæjarstjóri fór yfir rekstur salernisgáms á Arnarstapa á árinu 2024.
- c) Bæjarstjóri fór yfir sorphirðu í Snæfellsbæ.
- d) Bæjarstjóri sagði frá því að búið er að endurnýja saltbílinn í Áhaldahúsinu.
- e) Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum við nýju leikskólabygginguna í Ólafsvík.
- f) Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum við nýja anddyrið á Jaðri.
- g) Bæjarstjóri sagði frá því að miðstöðvarkerfið í Röstinni bilaði fyrir jól en verið er að laga það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:24


Björn H Hilmarsson


Júníana Björg Óttarsdóttir



Tinna Ýr Gunnarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari